

landi; en eftir lögum 23. janúar 1862, ef skipið er gjört út frá Danmörku, og skulu samkvæmt þeim skipstjóri og stýrimaður vera danskir þegnar.

75

7. febr.

6. að greiða skal innflutningsgjald samkvæmt tilskipan 1. maí 1838 af þeim utanríkisskipum, sem verða skrásett á Íslandi.

7. að breyta skal eftir tilskipun 3. maí 1869, að því er snertir skrásetningu utanríkisskipa.

Ráðgjafinn fyrir Ísland leyfir sjer því þjónustusamlegast að skjóta því til utanríkisráðgjafans að leiðbeina hinum dönsku konsúlum í Noregi samkvæmt þessu.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fiskiveiðar Norðmanna. —

76

Í þóknanlegu brjefi frá 24. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, út af brjefi ráðgjafans 14. apr.

7. febr. þ, á um eptirlit bæjarfógeta og sýslumanna með því, að gildandi lögum sje fylgt við fiskiveiðar í landhelgi, lagt það til, að yður verði veitt heimild til að bæta því við fyrirmælin um þetta eptirlit, að hlutafjölögum eða samlögum, sem eru juridiskar persónur og hafa sem slíkar heimilisadsetur stjórnar sinnar á Íslandi, sje heimilt að taka þátt í tjeðum fiskiveiðum eftir þeim reglum, sem annars eru lögákveðnar um það efni.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn álitur það ófað, að eftir gildandi lögum, einkanlega tilskip. 7. marz 1787, §§ 2. og 3. (sbr. tilsk. 13. júní 1787 I, §§ 2. og 10), sem skýrlega láta í ljósi, að veiðiskapur megi að eins rekast á kostnað danskra þegna, svo að enginn útlendingur megi, hvorki beinlínis nje óbeinlínis eiga þar minnsta hlut í, nema hann sje í raun og veru búsettur á Íslandi eða Danmörku, — verði engu því samlagi, ónafngreindu eða nafngreindu, sem ætla má að útlendingar sjeu þátt-takendur í, leyft að veiða í landhelgi, og fyrir því verður eigi sú viðbót gjörð, er þjer hafið lagt til.

Í sambandi við þetta vil jeg þar að auki út af spurning þeirri, er þjer, herra landshöfðingi, meðal annars minnizt á í þóknanlegu brjefi yðar 28. febr. þ. á., hvort leyfilegt megi álitast, með tilliti til fyrirmæla tilskipunar 13. júní 1787, kap. I. § 10, að nota við veiðiskap í landhelgi báta, er norskir þegnar eiga, bæta því við, að með því að hjer er um opna báta að ræða og lögin innihalda engar ákvarðanir um þjóð-erniseinkenning þeirra, þá mun ekkert vera á móti því, að slíkir bátar sjeu notaðir, þó auðvitað af þeim einum, sem heimild hafa til að veiða í landhelgi.

Um spurning þá, er þjer, herra landshöfðingi, hafið vakið um breytingar á lög-gjöf þeirri, er nú gildir um veiðirjett í landhelgi, áskilur ráðgjafinn sjer að ræða síðar meir.

Ágrip

77

af reikningum, sem eru undir stjórn amtmannsins í suður- og vesturumdæminu.

Búnaðarskólagjald í suðurumdæminu 1880.

Tekjur.

Kr. A.

1. Eptirstöðvar við árslok 1879:

kr. a.

a. Í veðskuldabryfum

6700 "

b. Óborgaðir vextir

9 36

c. Í peningum

178 57

6887 93

Flyt 6887 93

77

	Kr.	A.
Fluttar	6887	93
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins	250	41
3. Búnaðarskólagjald 1880	888	92
4. Móti gjaldlið 1. færast til jafnaðar	500	"
Tekjur alls	8527	26

Gjöld.

1. Lánað móti veði og 4 % vöxtum	500	"
2. Eptirstöðvar 31. des. 1880.	kr.	a.
a. Í veðskuldabréfum	7200	"
b. Óborgaðir vextir	17	36
c. Óborgað búnaðarskólagjald	14	57
d. Í peningum	795	33
Gjöld alls	8027	26
	8527	26

Styrktarsjóður verðugra og þurfandi konungslandseta og ekkna þeirra í suðuramtinu fyrir árið frá 1. janúar til 31. desember 1880.

Tekjur.

Kr. A.

1. Eptirstöðvar við árslok 1879:	kr.	a.	
a. Ríkisskuldabréf	3400	"	
b. Skuldabréf einstakra manna	300	"	
c. Í peningum	199	36	3899 36
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins			148 "
3. Tillag úr landssjóði samkvæmt konungsráðgjafi 7. okt. 1875			8 "
Tekjur alls	4055	36	

Gjöld.

1. Styrkur greiddur konungslandsetum og ekkjum þeirra	156	"
Athugas. Styrkurinn er greiddur hinum sömu og með sömu upphæðum sem árið 1879; sjá stjórnartíð. 1880 B. 151.		
2. Eptirstöðvar við árslok 1880:	kr.	a.
a. Ríkisskuldabréf	3400	"
b. Skuldabréf einstakra manna	300	"
c. Ógreiddir vextir til 11/6 1880	4	"
d. Í peningum	195	36
Gjöld alls	3899	36
	4055	36

(Framhald síðar).

EMBÆTTISSKIPUN.

13. dag aprilmánaðar setti ráðgjafinn kandiðat Guðlaug Guðmundsson sýslumann í Dalasýslu frá 1. júní þ. á.

Stjórnartíðindi 1881. Nokkur hept exemplör af stjórnartíðindum fyrir árið 1881 fást keypt á ritstofu landshöfðingja fyrir 1 kr. 90 a. hvert.

62 1720

62 1720